

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2024

2024/EES/60/26

frá 26. apríl 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2502 frá 7. september 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 að því er varðar leiðréttingu á massagildunum fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki ⁽¹⁾.
- XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21az (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 2502:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2502 frá 7. september 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2502, 13.11.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2502, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2502, 13.11.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.